



## FRÁ FORELDRAFÉLAGINU

Foreldrafélag Hjallatúns er skipað níu foreldrum ásamt einum fulltrúa frá leikskólanum en ár hvert er haldinn aðalfundur sem öllum foreldrum er fjálast að mæta á, þar sem skipað er í stjórn félagsins. Því miður hefur verið fámennt á þessum fundum en vonandi mun það breytast á komandi árum. Hlutverk foreldrafélagsins er að gera eitthvað skemmtilegt með og fyrir börnin bæði á leikskólatíma og utan hans þar sem foreldrarnir eru þá virkir þátttakendur. Foreldrafélagið hefur til dæmis haft árlega piparkökumálun þar sem börnin koma með fjölskyldu sinni og mála piparkökurnar sem þau höfðu áður bakað í skólanum. Eins hefur verið haldið jólaball í desember en því var reyndar sleppt á síðasta ári og öllum leikskólabörnum gefin bók í jólagjöf í staðinn. Í vor er stefnan að fara í sveitaferð og svo er foreldrafélagið að taka þátt í samvinnuverkefni með öllum leikskólum á svæðinu. Að vera í stjórn foreldrafélagsins er sjálfboðavinna en fundir eru haldnir einu sinni í mánuði þar sem rætt er um það sem verið er að gera hverju sinni. Þessi vinna og það sem gert er fyrir börnin kostar tíma og peninga. Peningarnir spretta því miður ekki af trjánum og eru foreldrafélagsgjöldin því 3000 krónur á ári. Við viljum því hvetja alla til að borga gjöldin því fyrir þennan pening tekst okkur að gera skemmtilega hluti með börnunum eins og t.d. að fara í sveitaferðina og hafa piparkökumálun. Auk þess tökum við þátt í að borga leiksýningu fyrir börnin, gefum páskaegg fyrir páskaeggjaleit, tökum þátt í sumarhátíð og gefum starfsfólki leikskólans konfekt fyrir jólin svo eitthvað sé nefnt. Höldum endilega áfram að vera dugleg að taka þátt í starfi foreldrafélagsins og borga gjöldin svo mögulegt sé að gera hluti eins og t.d. að fara í sveitaferð þar sem borga þarf rútu, bílstjóra og inn á sveitabæinn. Því meiri peningur sem kemur inn, því minna þarf hver að borga þegar farið er í ferðina.

Ef þið hafið einhverjar spurningar um foreldrafélagið má hafa samband við formann foreldrafélagsins, Önnu Siggu, í síma 897-9771.

Með kveðju  
Stjórn foreldrafélagsins

# LANDPÓSTURINN

8. árgangur  
tölublað 1

## GLEÐILEGT ÁR

Þá er áttunda starfsár Hjallatúns hafið. Við höldum áfram okkar starfi með skemmtilegt ár að baki. Við höfum haft nóg að gera það sem komið er af árinu og stefnum við á skemmtilega tíma framundan. Það er búið að vera frost á fróni og miklir vindar og fengum við nokkuð mikinn snjó. Snjórinn er ótrúlega vinsæll hjá börnunum og njóta þau þess að leika sér í snjónum þrátt fyrir vinda og frost. Leikskólaganga elstu barnanna fer óðum að stytast en þau hafa verið að vinna að skemmtilegum elstubarva verkefnum, m.a. farið í skólaheimsóknir og það er margt fleira sem bíður þeirra á næstu mánuðum.



## STARFIÐ Á VORÖNN

Árið hjá okkur hófst af miklum krafti. Leikskólakennaranemi, Ingunn Þormar frá Háskólanum á Akureyri var hér í fjöggra vikna verknámi. Hún var nemi hjá Haddý á Ljósalandi. Ingunn vann m.a. verkefni um krummann með börnunum. Næst elsti hópurinn á Vesturgangi hefur verið að vinna með bókina um Rissu sem vill ekki fljúga. Börnin hafa málað myndir, notað tröllaleir og margt fleira. Börnin á Austurgangi eru alltaf að æfa sig í að vera saman og eru að ná góðum árangri í því. Einnig hafa þau verið að þæfa ull, mála, leira og fleira. Nú er verið að vinna að verkefnum sem eru tengd þorranum og gamla tímanum. Í vikunni 11. - 15. febrúar höfum við aðgang að Stekkjarkoti og börnin munu fara þangað í heimsókn.

## ÞORRABLÓT

Okkar árlega þorrablot verður haldið föstudaginn 15. febrúar. Starfsfólk Hjallatúns ætlar að setja upp leikritið um Búkollu fyrir börnin. Á þorrablotinu verða þorra- og vetrarlögjun sungin og gamlar hefðir ræddar. Gamlir munir verða til sýnis í sal og í hádeginu verður boðið upp á þorramat. Þá verður spennandi að smakka á þessum þjóðarmat og fylgjast með svipbrigðum barnanna.

## FORELDRASAMTÖL

Seinni foreldrasamtöl vetrarins hefjast í apríl. Þar verður farið yfir þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Deildarstjórar úthluta foreldrum tíma og ef hann hentar ekki eru foreldrar beðnir um að hafa samband við deildarstjóra og finna annan tíma sem hentar. Samtölin verða auglýst þegar nær dregur.

*Gott samstarf  
heimilis og skóla er  
grunnur að vellíðan  
barna.*

## FATNAÐUR

Við viljum minna foreldra á að koma með hlý og góð útiföt í leikskólann. Mikilvægt er að merkja allan fatnað svo auðveldara sé að vita hver á hvað.



## NÁMSFERÐ

Starfsfólk Hjallatúns stefnir á námsferð í apríl n.k. Ætlunin er að fara til Glasgow og skoða tvo leikskóla. Einnig stefnum við að fara í Story Telling Center í Edenburg. **Leikskólinn verður lokaður 25. apríl vegna skipulagsdags starfsfólks, en skólinn er einnig lokaður 22. apríl vegna sameiginlegs skipulagsdags allra leikskóla á Suðurnesjum.** Í þessari viku verður lokað tvo daga í leikskólanum. Þessir skipulagsdagar tengjast ekkert, það hittir því miður svona óheppilega á að þeir eru í sömu vikunni. En vonandi getið þið gert ráðstafanir þar sem fyrirvarinn er góður.

## ÖSKU-BOLLU-OG SPRENGIDAGUR

Alltaf er nóg um að vera í leikskólanum á fyrstu mánuðum ársins þegar líður að skemmtilegum dögum með sínum síðum og venjum. Á Bolludaginn fáum við heimabakaðar rjómobollur og kjötbollur í hádeginu. Á Sprengidag borðum við saltkjöt og baunir þangað til að við springum!!

Á Öskudaginn mega börnin koma í grímubúningum. Við ætlum að halda grímuball, slá köttinn úr tunnunni og skemmta okkur saman.



Margir veisludagar framundan!

**VIÐ MINNUM Á SKIPULAGSDAGA 22. APRÍL  
OG 25. APRÍL OG VERÐUR LEIKSKÓLINN  
LOKAÐUR ÞESSA DAGA.**

**LEIKSKÓLINN ER LOKAÐUR VEGNA  
SUMARLEYFA FRÁ 6. JÚNÍ — 11. JÚLÍ.  
BÖRNIN MÆTA AFTUR 14. JÚLÍ.**



## KÖNNUNARLEIKURINN

Nú ætlum við að fara að vinna með Könnunarleikinn á Austurgangi. Við höfum verið í undirbúningsvinnu og hefjumst við handa á næstu vikum. Allir foreldrar á Austurgangi fá bréf heim sem útskýrir hvað felst í Könnunarleiknum.